# TUNNAN

PRENTÞJÓNUSTA

tunnan@tunnan.is

Sími: 467 - 1288





Fasteignasala Í Fjallabyggð

VINNUM SAMAN Í HEIMABYGGÐ

Arndís Erla Jónsdóttir
Löggiltur fasteignasali og viðskiptalögfræðingur

S: 690-7282
arndis@fasteignamidlun.is



11. tbl. 37. árg. 26. mars 2025



DREKKA OG TEIKNA

DRINK AND DRAW

FÖSTUDAGUR, 28. MARS
KL. 19:00-21:00

FRÍTT INN
ALLIR VELKOMNIR

FACEBOOK.COM/DREKKAOGTEIKNA



OPIÐ

Mið : 16 - 18
Fim : 16 - 22
Fös : 14 - 22
Lau : 14 - 22
Sun : 14 - 18

Segull 67


Fjallabyggð

# Laus staða stuðningsfulltrúa Grunnskóla Fjallabyggðar

**Vegna forfalla er laus 100% tímabundin staða stuðningsfulltrúa við Grunnskóla Fjallabyggðar til 1. júní 2025. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

Starfið er fjölbreytt og skemmtilegt í lifandi umhverfi þar sem áhersla er lögð á góð samskipti.

**Helstu verkefni:**

- Að sinna stuðningi við nemanda/nemendur inn í bekk og fylgja eftir í kennslustundir í öðrum námsgreinum.
- Taka þátt í gæslu í frímínútum eftir atvikum.
- Vinna að frístundastarfi barna eftir að hefðbundinni kennslu lýkur á daginn, í Lengdri viðveru.

**Hæfnikröfur:**

- Hafa náð 20 ára aldri
- Hafa gott vald á íslensku.
- Eiga auðvelt með góð samskipti og samvinnu.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags og launanefndar sveitarfélaga.

Umsókn um starfið skal skilað, ásamt kynningarbréfi og/eða ferilskrá, í tölvupósti á netfang Ásu Bjarkar Stefánsdóttur skólastýru, asabjork@fjallaskolar.is.

Umsækjendur þurfa að veita leyfi til upplýsingaöflunar úr sakaskrá. Nánari upplýsingar fást hjá skólastjóra í síma 464-9150 eða 695-9998

**Umsóknarfrestur er til og með 31. mars 2025**

**SKILAFRESTUR FYRIR AUGLÝSINGAR Í TUNNUNA.**
**ÞURFA AÐ BERAST FYRIR KL. 10.00 Á ÞRIÐJUDÖGUM.**


**Til leigu íbúð á Siglufirði.- Upplýsingar í síma 866-1445.**

Fjallabyggð

# Stuðningsfjölskyldur óskast

Félagsþjónusta Fjallabyggðar óskar eftir fjölskyldum eða einstaklingum til að taka að sér börn, tvo eða fleiri sólarhringa í mánuði. Starf stuðningsfjölskyldna er fjölbreytt og felst í því meðal annars að bjóða barni/börnum að taka þátt í daglegu lífi fjölskyldunnar og tómstundum. Fyrir barnið er stuðningsfjölskylda hugsuð sem skemmtileg upplifun og tilbreyting og um leið hvíld og stuðningur fyrir foreldra og/eða forráðamenn barnanna.

Frekari upplýsingar gefur
Helga Helgadóttir,
ráðgjafi félagsþjónustu,
í síma 464-9100
eða á netfangið
helgah@fjallanyggd.is



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma

## *Steinfríður Ólafsdóttir*



**Hlíðarvegi 6 Siglufirði,**

lést á Heilbrigðisstofnun Norðurlands
á Siglufirði fimmtudaginn 20. mars.
Útför hennar fer fram frá Siglufjarðarkirkju
föstudaginn 4. apríl kl.13.00
Sérstakar þakkir til starfsfólks heilbrigðisstofnunarinnar
sem annaðist hana af hlýju, kærleik og virðingu.

**Róbert Guðfinnsson - Steinunn Ragnheiður Árnadóttir**
**Erla Helga Guðfinnsdóttir - Gunnlaugur Stefán Guðleifsson**
**Valdís María Stefánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Óskað er eftir rekstrar- og umsjónaraðila tjaldsvæða Fjallabyggðar á Siglufirði og í Ólafsfirði

Fjallabyggð

Fjallabyggð auglýsir eftir aðila/aðilum sem kunna að hafa áhuga á að taka að sér rekstur og umsjón með tjaldsvæðum Fjallabyggðar á Siglufirði og í Ólafsfirði árin 2025-2027. Um er að ræða þrjú tjaldsvæði, við íþróttamiðstöðina í Ólafsfirði, í miðbæ Siglufjarðar og sunnan við snjóflóðavarnargarðinn Stóra Bola á Siglufirði.

Möguleiki er á að sækja um rekstur allra tjaldsvæðanna eða tjaldsvæði annars bæjarkjarnans. Rekstraraðili þarf að hafa náð 20 ára aldri, hafa bílpróf og bíl til umráða. Sumarrekstur tjaldsvæða hefst að jafnaði 15. maí og lýkur 15. október, ef aðstæður leyfa. Samningur er gerður til þriggja ára með möguleika á framlengingu tvisvar sinnum eitt ár.

## HELSTU VERKEFNI:

- Rekstraraðili skal annast og bera ábyrgð á innheimtu þjónustugjalda samkvæmt gjaldskrá Fjallabyggðar.
- Rekstraraðili er ábyrgur fyrir að halda skrá yfir rafmagnssölu og seldar gistinætur og skilar skýrslu þar um til Hagstofu og Fjallabyggðar. Andvirði seldra gistinátta rennur til rekstraraðili utan 10% þóknunar sem rennur til Fjallabyggðar.
- Rekstraraðili skal annast og bera ábyrgð á innheimtu gistináttaskatts þegar það á við og skil á honum til hins opinbera.
- Gerð er krafa um sýnileika rekstraraðila með viðveru á tjaldsvæðum a.m.k. tvisvar á dag, oftar á álagstímum.
- Rekstraraðili skal vera í samstarfi við Fjallabyggð varðandi kynningu tjaldsvæðanna á heimasíðu og facebooksíðu sveitarfélagsins.
- Gerð er krafa um að rekstraraðili hagi rekstri sínum með þeim hætti að hann þjóni sem best breiðum hópi notenda svæðisins. Mikilvægt er að þjónustuaðili hafi góða hæfni í íslensku og ensku.
- Á opnunartíma svæðisins er gerð krafa um að salernisaðstaða sé þrifin daglega, oftar á álagstíma og umgjörð tjaldsvæðanna sé hin snyrtilegasta.
- Rekstraraðili sinnir minniháttar viðhaldi á þjónustuhúsum og er sjálfbær hvað varðar viðhald og daglegan rekstur. Rekstaraðili leitar til Þjónustumiðstöðvar Fjallabyggðar ef sinna þarf stærri viðhaldsverkefnum.

Við mat á umsóknum er horft til reynslu og þekkingu á ferðaþjónustu og rekstri svo og mati á meðfylgjandi gögnum og greinargerð.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að senda inn umsókn á Rafrænni Fjallabyggð https://ibuagatt.fjallabyggd.is/

**Með umsókn skal skila eftirfarandi gögnum:**

- Starfsferilskrá þar sem menntun og reynsla umsækjanda er tilgreind ásamt stuttri greinargerð um sýn á rekstur tjaldsvæðanna til næstu 4 ára.
- Sakavottorði
- Búsforræðisvottorði
- Skuldleysisvottorði vegna opinberra gjalda
- Skuldleysisvottorði vegna greiðsla í lífeyrissjóð

**Umsóknarfrestur er til og með 2. apríl 2025**

Frekari upplýsingar veita Linda Lea Bogadóttir markaðs- og menningarfulltrúi í síma 464 9100, lindalea@fjallabyggd.is eða Ríkey Sigurbjörnsdóttir deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála í síma 464 9100, rikey@fjallabyggd.is



Miðapantanir í símum 616-1762 Hanna Bryndís og 849-5384 Vibekka frá 16:00-18:00
Almennt miðaverð 4.000 eldriborgarar, öryrkjar og grunnskólabörn 3.500

SVEITARFÉLAGIÐ
HLÍÐARBÆR

LEIKFÉLAG FJALLABYGGÐAR
KYNNIR

# BJARGRÁÐ

Leikrit með söngvum
Höfundur og leikstjóri: Guðmundur Ólafsson

## Sýningar í Menningarhúsi Fjallabyggðar, Tjarnarborg

~~Frumsýning 14. mars kl. 20:00~~

~~Önnur sýning 15. mars kl. 20:00~~

~~Þriðja sýning 19. mars kl. 20:00~~

~~Fjórða sýning 21. mars kl. 20:00~~

**Fimmta sýning**
**26. mars**
**kl. 20:00**

**Sjötta sýning**
**28. mars**
**kl. 20:00**

**Sjöunda sýning**
**5. apríl**
**kl. 20:00**

